

## Ágætu tilheyrendur!

Ár að baki sem á sér engin fordæmi og framundan er sigling þar sem óvissan er alls ráðandi.

Við upphaf faraldursins óttaðist ég að markaðir fyrir fisk mundu lokast hver af öðrum og því rétt að bregðast við í tíma. Óskað var eftir hækkun geymsluheimilda milli fiskveiðirára og að 12 dagar til strandveiða í hverjum mánuði væri hægt að yfirfæra milli mánaða. Kannski yrði ástandið í byrjun maí þannig að kaupendur aflans sæju sér ekki fært að selja inn á okkar helstu markaði. Jafnframt var ljóst að áhugi fyrir strandveiðum var mikill í kjölfar þrenginga í landi er laut að nánast engu framboði á störfum.

Viðbrögð sjávarútvegsráðherra við umleitunum LS gáfu til kynna að hann væri ekki í startholum Jusain Bolt til að hlaupa með keflið inn á ríkisstjórnarfund til að fá heimild til lagabreytinga eða hann sjálfur að munda pennann til breytinga á reglugerðum. Aldeilis ekki.

LS þreyttist þó ekki þótt ráðherra sæti eftir í startinu upp úr blokkinni skyldi hann. Hækkun prósentu til línuívilnunar – engin viðbrögð, að hún mundi gilda fyrir alla dagróðrabáta – engin viðbrögð, að ónýttar veiðiheimildir frá fyrra ári bættust við strandveiðar – svar, lög heimila það ekki, enginn vilji til að leggja fram frumvarp til breytingar á lögum –

svarið var nei, engu skipti þó skrifað væri í skýin – það verður að tryggja næga atvinnu. Þegar lög voru ekki farartálmi var gripið til einhvers annars. Það er búið að úthluta öllum þessum heimildum. Hvert? – ekkert svar.

LS hvatti ráðherra til að bæta við afla í strandveiðipottinn.

- a. afli sem ekki nýttist á strandveiðum 2019 - 1.650 tonn
- b. afli sem ekki nýttist til línuvílnunar 2019 - 1.170 tonn
- c. áætlaður afli sem ekki nýttist í línuvílnu 2020 - 500 tonn

**Samtals 3.320 tonn**

Sjávarútvegsráðherra lét ekki þar við sitja heldur túlkaði lögin öndvert við atvinnuveganefnd Alþingis þegar hann skerti veiðiheimildir til strandveiða um eitt þúsund tonn. Það skyldi tryggt að þær yrðu stöðvaðar áður en ágústmánuður væri allur. Það mundi tryggja glundroða meðal strandveiðisjómana þannig að hægt væri að segja hversu kerfið væri vonlaust.

Ráðherra hefur kynnt frumvarp í Samráðsgátt. Efni þess hlýtur að vera eins blaut tuska framan í atvinnuveganefnd og samflokksmenn, sem gerðu breytingar fyrir tveimur árum til að tryggja betur öryggi strandveiðisjómana. Það er ekki fyrirstaða fyrir ráðherrann.

Á síðustu metrum strandveiða 2020 tókst að kreista út 720 tonn af þorski. LS er að sjálfsögðu ánægt með það enda tryggði það þeim sem voru að róa á strandveiðum í ágúst aflaverðmæti upp á hartnær 300 milljónir.

Ég fylgi skoðun ykkar um að strandveiðar verði best tryggðar með 48 óskertum dögum, allt annað er óásættanlegt og við eigum ekki að kvika frá þeirri kröfu – hún er sanngjörn og þjóðinni og hinum dreifðu byggðum til heilla. Smell passar við höfuð markmið fiskveiðistjórnunarlaganna

*„að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra (nytjastofn á Íslandsmiðum) og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu“*

Kæru félagar – verum vel á verði og látum ekki festa okkur inni næstu sex árin, sem yrði ávísun á endalok strandveiða – berjumst gegn því.

Að æsa til ófriðar

Hvers vegna?

Einfalt svar: það er eini möguleikinn til að ráða við smábátæigendur.

Minni ykkur á að við verðum að standa saman, þannig vinnum við sigur og tryggjum okkur aukinn veiðirétt. Eyðum ekki kröftum okkar í innbyrðis deilur, heldur leysum málin með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Á aðalfundum okkar hef ég á undanförunum árum kallað fleiri til liðs við Landssamband smábátæigenda. Nánast allir sem koma nýir inn í smábátáútgærðina ganga til liðs við LS. Hægar hefur gengið með þá sem sögðu sig úr LS á sínum tíma, það mjakast þótt hægt fari. Það er mín skoðun að við værum fyrir löngu komin með línuviltun á alla dagróðrabáta hefðu félagar okkar til margra ára ekki kosið að segja sig úr LS.

### **Grásleppan sjóðandi heit**

Að öðru ófriðarbáli í boði sjávarútvegsráðherra. Frumvarp um að kvótasetja grásleppu. Í fyrra var eldur þar nánast kulnaður, aðeins nokkrar glóðir. Enda höfðu stjórnarflokkar sem eru með flokki ráðherra í ríkisstjórn ekki afgreitt frumvarpið. Skilaboðin voru skýr, þeir voru andvígir efni þess.

Allir vita hvernig fór með síðustu grásleppuvertíð. Vegna óstjórnar misstu 40 til 50 bátar af vertíðinni. Ráðherra hafði stöðvað veiðar án þess að gera tilraun til að jafna fjölda daga milli aðila. Meira að segja var svo langt gengið þvert á reglugerð að heimila aðeins völdum bátum veiðar í ákveðinn fjölda daga, en skilja aðra eftir án réttinda.

Landssambandið hefur nú fengið álitserð lögmans um athöfnina sem verður send hópi félagsmanna sem neitar að láta troða á sér með þessum hætti.

Auðvitað varð óstjórn veiðanna til að kveikja ófriðarbál sem logar milli þeirra sem vilja kvótasetja grásleppuna eða hafa stjórn veiðanna eins og hún hefur verið frá því byrjað var að stjórna þeim með ákvörðun um fjölda veiðidaga og veiðisvæða. Sú veiðistjórn hefur gengið vel þar til á síðustu vertíð. Tillögur LS um að vel yrði fylgst með framgangi veiða voru hunsaðar.

Það verður hlutverk frestunarhluta aðalfundarins að finna farsælustu niðurstöðuna í þessu erfiða máli, að slökkva elda.

Við grásleppumálið bætast við aðrir erfiðleikar sem tengdir eru sölumálum. Hrun hefur orðið á verði á frosinni grásleppu, helmingslækkun í dollurum talið, útflutningur saltaðra grásleppuhrogna aðeins 29% í magni talið á vertíðartímanum. Það er aðeins kaviarinn sem dregur vagninn. Þar hefur verið hækkað en magnið á tímabilinu janúar – ágúst er þriðjungur minna en á sama tíma í fyrra. Því miður er útlitið ekki bjart þ.s. í hönd fer aðal sölutími ársins og ekkert útlit fyrir að veiran ætli að láta undan fyrir þann tíma.

Afli hjá þeim aðilum sem náðu að klára 44 daga á grásleppu á sl. vertíð var mjög góður. Aflahæsti báturinn var Aþena PH með 80,3 tonn – skipstjóri þátttakandi hér á fundinum Stefán Guðmundsson, glæsilegur árangur hjá honum og áhöfn hans – til hamingju. Mér er til efs að afli á hvern veiðidag hafi nokkurn tíma verið meiri eða 76%

umfram meðaltal sl. 8 ára. Meðtalsveiði þeirra 201 báta sem tóku þátt í veiðunum voru 26,2 tonn.

Það hefur ávallt verið viðkvæði flestra ráðherra sjávarútvegsins við kröfum LS, að spyrja:

## Hvar á að taka aflann?

Velgjörðarmaður okkar Einar Oddur Kristjánsson, sem nú er látinn blessuð sé minning hans, svaraði þessu um hæl:

úr sjónum auðvitað, hvar annars staðar

enda hverju orði sannara.

Þann 7. október sl. birtist frétt á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, undir fyrirsögninni

## Heimilt að draga frá 7% með notkun á íspykkni

Ráðherra ritaði af þessu tilefni: „Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þeirri framþróun sem orðið hefur á undanförunum árum við kælingu á afla, m.a. með ofurkælingu en einnig með notkun á

*Ísþykkni. Það er mikilvægt að stjórnvöld fylgist með þessari þróun og liðki fyrir henni, m.a. með því að sjá til þess að regluverkið hvetji til slíkrar framþróunar enda til þess fallið að viðhalda gæðum aflans enn betur. Það er meginmarkmið þeirra breytinga sem við erum hér að gera.“*


Hið besta mál. Þess var hins vegar ekki getið að þeir sem fengu nú að draga 7% frá vigtun höfðu 12% frádrátt frá árinu 2017 þ.e. í þrjú ár og 16% á árinu 2016. Hvort þeir hafi nýtt sér það skal ósagt látið. M.ö.o. kallast þetta ívilnun á kvóta hjá þeim sem flytja út óunninn afla sem kældur er með ísþykkni.

Er nema von að maður spyrji þegar ekki fundust nokkur hundruð tonn til að tryggja strandveiðar út ágúst. Hvar var þessi afli tekinn?

Landssamband smábátæigenda hefur staðið vaktina varðandi réttindamálin. Þegar reglum til skipstjórnar var breytt í smáskipapróf sem dekkadi alla krókaaflamarksbáta var um mikla bót að ræða. Hins vegar var komið aftan að þessum aðilum þegar stækkun upp að 15 metrum var heimiluð á krókaaflamarksbátum. LS gerði strax aths. að þeir sem öfluðu sér réttinda til skipstjórnar á krókaaflamarksbátum væru með þessu skildir eftir og ættu rétt á að réttindi þeirra yrðu uppfærð að 15 metrum. Þeirri baráttu lauk í desember sl. með lagasetningu þar sem fallist var á kröfur LS.

Á strandveiðum sl. sumars var sett aflamet, alls veiddust 11.860 tonn.

Alls tóku 669 bátar þátt í veiðunum. Hér má sjá þróun á fjölda strandveiðibáta frá upphafi.



Flestir voru á strandveiðum árið 2012, 759.

Stöðvun veiða 19. ágúst olli því að ekki var hægt að ná fleiri dögum en 47. Aflahæstur strandveiðibáta varð Steinunn ÁR 34 með 46,1 tonn, til hamingju Gísli Unnsteinsson.


Alls náðu sex bátar að fara yfir 40 tonn.

Margt hefur verið ritað og rætt um mikilvægi strandveiða.

Strandveiðar límið í fiskveiðistjórnarkerfinu, strandveiðar tryggja að hér



séu starfræktir fiskmarkaðir yfir sumartímann. Meðfylgjandi mynd sýnir magn af óslægðum þorski sem veiddur var á handfæri maí – ágúst á hverju ári, einnig er á þessu grafi – rauður ferilli sem sýnir meðalverð á tímabilinu. Frá upphafi strandveiða hefur magnið farið úr fimmþúsund tonnum í rúm 11 þúsund tonn á sl. sumri.



**Að lokum ætla ég að víkja stuttlega að frumvörpum sjávarútvegsráðherra sem hann hyggst mæla fyrir á yfirstandandi þingi.**

**Frumvarp um kvótasetningu grásleppu**

Á heimasíðu LS hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum félagsins. Frá því hún var gerð hefur Fiskistofa birt aflatölur allra veiðiréttarhafa

tímabilið 2013 – 2018. Samkvæmt útreikningum á upplýsingum sem þar koma fram, þar sem þrjú bestu árin eru lätin ráða aflahlutdeild, verður afladreifing þessi þegar miðaðð við óbreyttan heildarafla milli ára 5.200 tonn.

<b><u>Alls 450 réttþafar</u></b>	
222 fá aflamark hærra en 10 tonn	228 fá aflamark minna en 10 tonn

Engar heimildir	96 bátar
Aflamark	354 bátar
> 5 Tonn	295 bátar
> 10 Tonn	222 bátar
> 15 Tonn	156 bátar
> 20 Tonn	91 bátar
> 30 Tonn	13 bátar
> 40 Tonn	1 bátur

Þar sem LS hefur ekki fengið tölurnar staðreyndar frá Fiskistofu eru þær birtar hér með fyrirvara.

## Frumvarp um atvinnu- og byggðakvóta

Miðað við heimildir sem ætlaðar eru í pottana á yfirstandandi fiskveiðiári hefði þorskur til strandveiða samkvæmt frumvarpinu orðið 9.274 tonn, en ekki 10.000 tonn. Viðbót yrði torsótt þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að ónýtt línuívilnun komi til viðbótar við almennan byggðakvóta. Veiðiheimildir til strandveiða á nýliðnu sumri voru 10.720 tonn, þar sem megnið af 720 tonna viðbót kom frá línuívilnun.

Línuívilnun yrði hins vegar 1.710 tonn af þorski en er nú 1.200 tonn. Á nýliðnu fiskveiðiári voru 1.443 tonn nýtt og að óbreyttu verður það lægra í ár. Mismunurinn færi hins vegar ekki í strandveiðar eins og verið hefur, hann mundi leggjast við almennan byggðakvóta.

Breytingin, ef af verður, opnar þannig leið til að færa heimildir af dagróðrabátum yfir á togara, sem nú þegar eru með mikið magn af almenna byggðakvótanum.

Tillaga ráðherra er með ólíkindum þar sem mikil uppsveifla er í strandveiðum sem nýtist öllum byggðum landsins.

Landssambandsins bíða nú tímar þar sem reynir verulega á félagið og félagsþroska félagsmanna. Það er von mín að þið leysið þessi mál, í sátt og samlyndi, reyna mun á samheldnina við það verkefni.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförunum sex fundum að vitna til aðila úr stjórnslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með  
starfi sínu valdið straumhvörfum,  
félagsmönnum sínum og íslenskum  
sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

Takk fyrir.